

Ég undirrituð andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meiri hluta Umhverfis- og samgöngunefndar.

Mín rök á móti vegatolli á Reykjanesbraut eru þessi „Reykjanesbrautin eða Keflavíkurvegurinn eins og hann var kallaður þá, var formlega opnaður 1965 og var þáeinu þjóðvegurinn á Íslandi sem var með bundu slitlagi og innheimt tollgjald í tollskýli við Straumsvík. Tollgjaldið var í upphafi 200 krónur og þótti ansi hátt þá þeim tíma. En í lok ársins 1972, nánar tiltekið þann 31. desember, var innheimtu umferðargjalds hætt því búið var að borga upp það lán sem tekið var til framkvæmdanna (sbr. Vegminjasafnið, 1983). Þannig að fólk í landinu þá aðalega Suðurnesjamenn borguðu Reykjanesbrautina í upphafi síðan ákvað ríkið að tvöfalda en kláraði ekki. Þannig að ríkið á að klára það sem eftir er af tvöfölduninni. Ef það á að setja aftur vegatoll á Reykjanesbraut þá er það tvísköttun.“

Með kveðju.

Margrét S Þórólfsdóttir